

AUGLÝSING**um staðfestingu á aðalskipulagi Árskógshrepps, 1991–2011.**

Samkvæmt skipulagslögum nr. 19, 21. maí 1964 hefur ráðuneytið þann 12. október 1992 staðfest uppdrátt og greinargerð aðalskipulags Árskógshrepps, 1991–2011.

Uppdráttur þessi og greinargerð hafa hlotið þá meðferð sem skipulagslög nr. 19/1964 mæla fyrir um og samþykki sveitarstjórnar Árskógshrepps og Skipulagstjórnar ríkisins.

Umhverfiráðuneytið, 12. október 1992.

Eiður Guðnason.

Hrafn Hallgrímsson.

12. október 1992

Nr. 370

AUGLÝSING**um staðfestingu aðalskipulags Þingborgar, Hraungerðishreppi.**

Samkvæmt skipulagslögum nr. 19, 21. maí 1964 hefur ráðuneytið þann 12. október 1992 staðfest uppdrátt að aðalskipulagi að því er tekur til Þingborgar í Hraungerðishreppi, 1989–2009.

Aðalskipulag þetta hefur hlotið þá meðferð sem skipulagslög nr. 19/1964 mæla fyrir um og verið samþykkt af Skipulagstjórn ríkisins og sveitarstjórn Hraungerðishrepps.

Umhverfiráðuneytið, 12. október 1992.

Eiður Guðnason.

Hrafn Hallgrímsson.

2. október 1992

Nr. 371

SAMÞYKKT**um forkaupsrétt Eyrarbakkahrepps að fasteignum á Eyrarbakka.**

Samkvæmt heimild í lögum nr. 22, 23. júní 1932 og 26. gr. skipulagslaga nr. 19, 21. maí 1964 hefur hreppsnefnd Eyrarbakkahrepps þann 13. september 1992 samþykkt forkaupsrétt að eftirtalinni fasteign á Eyrarbakka:

Fasteign:

Eigandi:

V/Túngötu 3, fjárhús og hlaða 8895-9030

Erlingur Gísli Gíslason, kt. 130333-3549

Samþykkt þessi öðlast þegar gildi og gildir í 5 ár frá dagsetningu hennar að telja. Birtist hún til upplýsingar og eftirbreytni þeim sem hlut eiga að máli.

Umhverfiráðuneytið, 2. október 1992.

F. h. r.

Þórður H. Ólafsson.

Hrafn Hallgrímsson.